

Ákveðið hefur verið að halda Þorablót okkar Skagamanna laugardaginn 15. febrúar 2025. Undirbúningur er hafin og gert er ráð fyrir að blótið verði haldið í Íþróttahúsinu að Vesturgötu.

Í gegnum árin hefur stuðningur Akraneskaupstaðar verið í formi afnota af Íþróttahúsinu að Vesturgötu með starfsfóli o.s.frv. og verið mikilvægur í okkar vinnu og ómetanlegur stuðningur við þennan stóra sameiginlega viðburð á Akranesi.

Leitum við nú til bæjarins með áframhaldandi stuðning í þessu formi.

Eins og undanfarin fjórtán ár hefur blótið verið einn stærsti viðburður fyrir Akurnesinga þar sem fastir liðir setja stóran sess á viðburðnum. Þar má nefna „ávarp“ til Skagamanna þar sem undanfarin ár hafa ungir/aldnir Skagamenn ávarpað samfélagið. Skagamaður ársins hefur verið valin af Akraneskaupstað og telst sú viðurkenning vera mikill heiður fyrir einstakling/hóp. Einnig hefur „Skagaskaupið“ náð að festa sig í sessi og bíða margir spenntir eftir því á hverju ári.

Þegar covid-faraldurinn skall á vorum við að halda okkar fyrsta þorablót og þurftum aldeilis að leita nýrra leiða til að halda þessum viðburði lifandi. Fátt er svo slæmt að ei boði gott og má segja að ákvörðun okkar um að hafa blótið í streymi af fært þennan forna sið inn í nútímalegt form. Þar ber hæst að undanfarin 4 ár hefur annáll Akurnesinga (Skagaskaupið) alfarið færst yfir á stafrænt form með myndbandsgerðar. Við trúum því að þetta form sé ekki einungis gott efni til skemmtunar á þorablótinu sjálfu heldur séum við Akurnesingar þarna að búa til sögulega heimild sem fangar tíðarandann á þeim tíma sem annállinn er gerður og verði í framtíðinni söguleg heimild um málefni, fólk, bæjarmynd o.s.frv. sem við teljum ómetanlegt til fjár. En þessi breyting á formi annálsins kallar á aukinn kostnað í framkvæmd og óskum við með þessu erindi eftir því að Akraneskaupstaður taki þátt í því að fjármagna gerð annálsins. Við sem stöndum að þorablótinu gefum okkar vinnu sem og sá árgangur sem skrifar annálinn ár hvert en þar sem metnaður okkar er hár þegar kemur að útkomu verskins þá er óhjákvæmilegur kostnaður vegna mikillar vinnu við upptökur, klippingu, hljóð o.s.frv. sem við teljum að sé hvernar krónu virði.

Óskum við eftir að Akraneskaupstaður styrki þennan þátt að upphæð 350.000 kr.-

Vinna við blótið er í höndum íþróttafélaga á Akranesi og gefst öllum félögum kost á að afla sér tekna fyrir sína iðkendur með vinnuframlagi. Þannig rennur ágóði af blótinu til ýmissa íþrótt- og félagsstarfsemi í bænum.

Virðingarfyllst,
Sjötíu og níu menningarfélag